



Nefndasvið Alþingis

b.t. atvinnuveganefnd Alþingis

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 26. apríl 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum (framlenging gildistíma, hækkun á hlutfalli endurgreiðslu o.fl.).

SÍK - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda fagnar frumvarpinu, þá sér í lagi 3. gr. þar sem lögð er til hækkun á hlutfalli endurgreiðslu úr 20% í 25%. Telur SÍK mikilvægt að hækkunin nái fram að ganga enda til þess fallið að auka samkeppnishæfni Íslands sem tókustað fyrir kvikmyndir og stuðla að auknum umsvifum innlendra framleiðslufyrirtækja.

SÍK telur þó að gera þurfi breytingar á tæknilegum útfærslum laganna sem myndu auka hagræðingu í kvikmyndaframleiðslu og styrkja sjóðstreymi fyrirtækjanna. Tillögur SÍK, sem útlistaðar eru hér að neðan, eru í samræmi við tillögur SÍK, Íslandsstofu og Samtaka iðnaðarins sem kynntar voru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 4. desember 2014.

1. Breyting á 4. gr. laganna um skilyrði endurgreiðslu, lið c.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi er það skilyrði endurgreiðslu að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi. Þetta ákvæði kom inn í lögina árið 1999 með eftirfarandi rökum:

Fyrsta skilyrði er að sett verði á fót sérstakt félag sem skráð yrði hér á landi um gerð hvernar myndar í því augnamiði að tryggja að gjaldfærsla kostnaðar og uppgjör fari að íslenskum lögum, launakostnaður verði skattlagður hér á landi og til að kostnaði við tiltekna mynd sé ekki blandað saman við kostnað hjá félagi sem t.d. framleiðir fleiri en eina mynd eða er í blönduðum rekstri.

Umrætt skilyrði er skiljanlegt í ljósi þess að endurgreiðslurnar eru meðal annars til að laða að erlenda stórfamleiðendur og því þarf að tryggja að uppgjör fari fram á Íslandi og launakostnaður verði skattlagður hérlendis. Staðan er þó sú að þetta er afar kostnaðarsöm leið fyrir framleiðslufyrirtæki sem uppfylla þegar það skilyrði að vera tekjuskattskyld á Íslandi. Slík fyrirtæki þurfa nú að stofna sérstakt félag utanum hvert kvikmyndaverkefni til að uppfylla framangreint skilyrði.

Það kemur jafnframt fram í lögskýringargögnum að ástæða þessa fyrirkomulags er að kostnaði við tiltekna mynd sé ekki blandað saman við annan kostnað fyrirtækisins. Hægt er að ná sama markmiði með öðru og nútímalegra móti með minni tilkostnaði. Þannig haldi framleiðslufyrirtækið sérstakt verkbókhald utan um hið tilgreinda verkefni. Er það í raun

framkvæmdin í dag innan flestra stærri fyrirtækja enda mikil hefð í greininni fyrir nákvæmu bókhaldi vegna m.a. samsetts eignarhalds og höfundarréttamála.

Hér er því lagt til að gerðar verði breytingar á lögnum sem heimila framleiðslufyrirtækjum að gera upp hvert kvikmyndaverkefni í sérstakri uppgjörseild, enda sé fyrirtækið tekjuskattsskylt á Íslandi. Í þessu sambandi viljum við minna á svipaða aðferðarfræði í lögum frá 2009 nr. 152 þar sem fyrirtækjum er tryggður réttur til skattafrádráttar vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna.

2. Breyting á reglugerð 622/2012 og framkvæmd laganna

Framleiðsla á kvikmynd tekur að meðaltali á bilinu 5-7 ár, frá hugmynd að frumsýningu. Þetta er langur tími og framleiðslufyrirtækin glíma því oft á tíðum við sjóðsstreymisvanda. Löggjafinn hefur að nokkru tekið mið af þessum langa framleiðslutíma í 5. mgr. 4. gr. laganna. Þar kemur fram að sé framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki lokið innan þriggja ára frá dagsetningu vilyrðis þá fellur vilyrðið úr gildi. Heimilt er að framlengja þann tíma um tvö ár við sérstakar aðstæður.

Hvorki í lögnum né í reglugerð nr. 622/2012 er tekin skýr afstaða til þess hvenær endurgreiðsla fer fram. Með lögum nr. 158/2011, til breytingar á lögum nr. 43/1999, var þó h-lið 1. mgr. 4. gr. laganna breytt og það gert að skilyrði endurgreiðslu að fyrir lægi hvernig staðið yrði að almennri dreifingu verksins. Í athugasemdum við ákvæðið kom fram að krafan væri um að hið framleidda efni væri fullbúið og fyrir lægi hvernig staðið yrði að almennri dreifingu. SÍK telur þó að þennan skilning löggjafans megi ekki leiða af orðalagi ákvæðisins.

Framkvæmdin hefur þrátt fyrir það verið sú að þegar sótt er um endurgreiðslur vegna alls kvikmyndaverksins þá skuli skila inn sýningareintaki til staðfestingar „á lokum framleiðslu“ sem byggist á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 622/2012. Þetta skilyrði er þó ekki einhlítt og virðist vera gerður greinarmunur á innlendri framleiðslu og erlendri. Þannig er munur á milli þeirra kvikmyndaverka sem sækja um endurgreiðslu fyrir allt framleiðsluferlið (oftast innlend verkefni) og þeirra sem eru að sækjast eftir endurgreiðslu eingöngu fyrir hluta af verkefninu (oftast tókur vegna erlendra verkefna). Þau síðarnefndu þurfa ekki að hafa hið framleidda efni fullbúið, þ.e. skila inn sýningareintaki eins og það kallast í framkvæmd, svo skilyrði til endurgreiðslu stofnist.

SÍK leggur til að lögum verði breytt þannig að gert sé ráð fyrir fleiri en einu uppgjöri fyrir hvert verkefni. Þetta myndi styrkja sjóðsstreymi og vinna á móti háum fjármagnskostnaði þeirra framleiðslufyrirtækja sem sækja um endurgreiðslur í verkefni sem nær yfir lengra tímabil.


Þannig yrði fyrirtækjum gert kleift að sækjast eftir endurgreiðslu að loknum stórum framleiðsluhluta, t.d. tókum og síðan við fullnaðarskil á sýningareintaki. Yrði slíkt uppgjör gert með endurskoðuðu árs- eða árshluta uppgjöri á hvert framleiðsluverkefni.

Báðar þessar breytingatillögur eru til þess fallnar að auka skilvirkni og hagræði greinarinnar. Ljóst er að fjöldi dótturfyrirtækja sem hvert hinna stærri framleiðslufyrirtækja hefur og þarf að stofna hleypur á tugum og kostnaður því samhliða mikill. Tryggja þarf jafnframt jafnræði erlendra og innlendra aðila og því skyni skiptir máli að hafa í huga, þegar skoðaðir eru fleiri en einn uppgjörsdagur við hvert verkefni, að um endurgreiðslu á þegar greiddum kostnaði er að ræða og umsvifin skilað sér til samfélagsins.


SÍK fagnar tilkomu frumvarpsins, að áfram verði stuðst við einfalt og gagnsætt kerfi og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum og tekur jafnframt undir þau sjónarmið í umsögn KPMG um mikilvægi þess að fækka ágreiningsatriðum við túlkun laganna. SÍK áskilur sér þó rétt á síðari stigum til að koma með frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

f.h. SÍK

f.h. Samtaka iðnaðarins



Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK



Katrín D. Þorsteinsdóttir
viðskiptastjóri SÍK innan SI